

Nd.

677. Lög

um lánsheimild fyrir ríkisstjórnina.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði alt að 12000000 — tólf miljóna — kr. lán.

2. gr.

Láni því, er í 1. gr. getur, er stjórninni heimilt að verja eftir því, sem með þarf samkvæmt ákvörðun eftirtaldrá laga:

Laga nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Laga nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Laga nr. 35, 7. maí 1928, um Byggingar- og landnámssjóð.

Laga nr. 49, 7. maí 1928, um stofnun sildarbræðslustöðva.

Laga nr. 66, 7. maí 1928, um smíði og rekstur strandferðaskips.

Laga nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seriur) bankavaxtabrjefa.

Fjárlaga 1929, 23. gr. XIII.

Laga nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

Laga nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, svo og laga þeirra, er samþykkt eru á Alþingi 1929, að því leyti sem þau fela í sjer heimildir til lántöku.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.